

**Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs
annars vegar**

og

**Landssamband lögreglumanna
hins vegar
gera með sér svofellt
SAMKOMULAG
um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila**

**1. gr.
Gildistími**

Gildandi kjarasamningur aðila framlengist frá 1. maí 2015 til 31. mars 2019 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samkomulagi þessu felast og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

**2. gr.
Launahækkunir**

Laun samkvæmt grein 1.1.1 hækki sem hér segir:

- 1.05. 2015: Laun hækka um 25.000 kr. eða að lágmarki um 7,2%, auk leiðréttinga á launabilum, sbr. meðfylgjandi launatöflu.
- 1.06. 2016: Laun hækka að meðaltali um 6,5% samkvæmt útfærslu í meðfylgjandi launatöflu.
- 1.06. 2017 Laun hækka að meðaltali um 4,5% samkvæmt útfærslu í meðfylgjandi launatöflu.
- 1.06. 2018 Laun hækka að meðaltali um 3,0% samkvæmt útfærslu í meðfylgjandi launatöflu.
- 1.02. 2019 Sérstök eingreiðsla, 55.000 kr., greiðist hverjum starfsmanni miðað við fullt starf og sem er við störf í desember 2018 og er enn í starfi í janúar 2019. Upphæðin greiðist hlutfallslega miðað við starfstíma og starfshlutfall í desember.



3.gr.
Persónuuppbót og orlofsuppbót

Persónuuppbót (desemberuppbót) á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2015	78.000 kr.
Á árinu 2016	82.000 kr.
Á árinu 2017	86.000 kr.
Á árinu 2018	89.000 kr.

Orlofsuppbót á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2015	42.000 kr.
Á árinu 2016	44.500 kr.
Á árinu 2017	46.500 kr.
Á árinu 2018	48.000 kr.

4.gr.
Orlofssjóður

Grein 4.9 breytist 1. janúar 2016 og verður sem hér segir:

4.9 Orlofssjóður

4.9.1 Ríkissjóður greiðir sérstakt gjald í Orlofssjóð Landssambands lögreglumanna. Gjald þetta skal nema 0,50% af heildarlaunum félagsmanna Landssambands lögreglumanna. Gjaldið skal greiða mánaðarlega eftir á skv. útreikningi launagreiðanda.

6. gr.
Samningsforsendur og atkvæðagreiðsla

Komi til þess að samkomulag náist á almennum vinnumarkaði um breytingu á kjarasamningum þeirra skulu BSRB og SNR taka upp viðræður um hvort og þá með hvaða hætti slík breyting taki gildi gagnvart samningum aðildarfélaga BSRB.

Verði samningum á almennum vinnumarkaði sagt upp á grundvelli forsenduákvæðis þeirra á gildistíma samnings þessa er BSRB, fyrir hönd aðildarfélaga sinna, heimilt að segja samningum upp með þriggja mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót.




Ef ný forsenduákvæði verða tekin upp sbr. lið 2, c og d, í rammasamkomulagi milli aðila vinnumarkaðarins þá munu þau forsenduákvæði koma í stað framangreindra ákvæða.

Samningsaðilar skulu bera samning þennan, ásamt bókunum og fylgiskjölum, upp til samþykktar. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir klukkan 16:00 þann 18 nóvember 2015 skoðast hann samþykktur.


Reykjavík, 28. október 2015

f.h. fjármála- og efnahagsráðherra
með fyrirvara um samþykki



A collection of handwritten signatures in blue ink, including names like Ólafur Þ. Ólafsson, Halldór Friðfjörð, and others.

f.h. Landsambands lögreglumanna
með fyrirvara um samþykki



A collection of handwritten signatures in blue ink, including names like Kári Hauksdóttir, Friðrik Þ. Baldursson, and others.

Bókanir með samkomulagi
fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs
og
Landssambands lögreglumanna
dags 28. október 2015

Bókun 1

Aðilar gerðu með sér samkomulag í sumar um frestun viðræðna og gáfu sér sameiginlega tíma til loka september til að ljúka samningsgerð. Við úrskurð gerðardóms í framhaldi af lagasetningu í kjaradeilu BHM annars vegar og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga hins vegar skapaðist veruleg óvissa um stöðu kjaraviðræðna almennt. Vegna þessarar alvarlegu stöðu voru teknar upp viðræður milli samningsaðila á vinnumarkaði um leiðir til að ná samræmdri lausn á þessari stöðu. Sú niðurstaða náðist hjá stærstum hluta vinnumarkaðarins og er þessi samningur gerður undir þeim formerkjum. Aðilar hafa orðið ásáttir um að vegna þessa óvissutímabils gildir samningur frá 1. maí 2015

Bókun 2

Markmið samningsins er að viðhalda dreifstýringu/stofnanasamningskerfinu í því skyni að efla samkeppnisstöðu ríkisstofnana og auka tækifæri starfsmanna til að hafa áhrif á eigin launapróun, með því að færa launasetningu nær vettvangi og laga hana að þörfum hverrar stofnunar fyrir sig. Leitast verður við að gera stofnanasamningakerfið skilvirkara til að tryggja sameiginlega hagsmuni.

Aðilar eru sammála um að efla þurfi og viðhalda þekkingu þeirra forsendna og markmiða sem liggja að baki því fyrirkomulagi launaákvæðana sem kjarasamningar aðila byggja á. Fyrirkomulag launaákvæðana tengist aðferðarfræði heildstæðrar mannauðsstjórnunar og er mikilvægur þáttur í röð samfelldra aðgerða er varða mat á starfi og hvernig það þróast með skipulegum hætti.

Til að tryggja það hafa aðilar orðið ásáttir um að fela starfshópi skipuðum fulltrúum samningsaðila að undirbúa og skipuleggja fræðsluáttak um gerð og inntak stofnanasamninga fyrir stofnanir og stéttarfélög í tengslum við væntanlega endurskoðun þeirra. Starfshópurinn hugi jafnframt að framtíðarfyrirkomulagi slíkrar fræðslu.

Starfshópurinn undirbúi og skipuleggi fræðsluátakið í samstarfi við aðra þar á meðal Fræðslusetrið Starfsmennt.

Markmiðið er að fræðsluátakinu verði lokið fyrir 31. október 2016 og fyrir liggja áætlun um með hvaða hætti þessu starfi verði fram haldið.

Bókun 3

Aðilar eru sammála um að skipa stýrihóp með fulltrúum ríkis, aðildarfélaganna BSRB og fulltrúa frá Félagi forstöðumanna ríkisstofnana, í því augnamiði að setja á laggirnar ráðgjafamiðstöð/stuðningsteymi um stofnanasamningsgerð í samstarfi við hlutaðeigandi starfsmenntunarsjóði og/eða fræðslusetur. Ráða skal sérfræðing/-a á sviði stofnanasamningsgerðar til að halda utan um verkefnið. Stuðningsteymið annist fræðslu og ráðgjöf til samstarfsnefnda á stofnunum og eftir atvikum komi að stofnanasamningsgerðinni sjálfri sem utanaðkomandi óháður ráðgjafi. Markmiðið er að auka gæði

stofnanasamningsgerðar, efla þátt stofnanasamninga og virkni í starfi stofnana og bæta þekkingu samstarfsnefndanna með það að leiðarljósi að auka gæði opinberrar þjónustu.

Vegna fyrirkomulags fræðslusjóða Landsambands lögreglumanna verður því tryggt fjármagn til standa straum af kostnaði vegna síns hlutar í verkefni þessu.

Stýrihópnum er heimilt að leita eftir samstarfi við fleiri stéttarfélög.

Bókun 4

Aðilar vinni á grundvelli ofangreindra forsendna í bókunum 2 og 3 að breytingum á innihaldi stofnanasamninga. Til þessa verkefnis verður heimilt að ráðstafa allt að 211 milljónum kr. á árunum 2016 - 2018, eða rúmum 70 milljónum kr. á ári að jafnaði. Þá er átt við kostnaðarauka stofnana að meðtöldum launatengdum gjöldum. Gildistaka breytinga samkvæmt þessari bókun er 1. júní umrædd ár.

Bókun 5

Aðilar eru sammála um að leita samstarfs um endurskoðun á helstu atriðum 2. kafla kjarasamninga um vinnutíma. Meginmarkmið endurskoðunarinnar er að stuðla að bættu skipulagi vinnutíma og auka sveigjanleika á vinnustöðum ríkisins sem þjóni bæði hagsmunum ríkisins sem atvinnurekanda og starfsfólki þess.

Endurskoðun leiði ekki til kjararýrnunar að öðru jöfnu.

Þegar tillögur liggja fyrir verður tekin ákvörðun um hvort breytingar á kaflanum séu þess eðlis að greiða skuli atkvæði um þær.

Bókun 6

Samningsaðilar eru sammála um að leita eftir samstarfi við þá aðila sem undirrituðu þann 24. október 2000, samkomulag um tiltekin réttindi starfsmanna, þar á meðal vegna veikinda og slysa. Komið skal á fót nefnd sem falið verði að endurskoða í heild kafla 12 í kjarasamningum aðila þar sem horft verður m.a. til eftirfarandi atriða:


- Endurskoðun á framkvæmd talningar veikindadaga.
- Að brugðist sé við veikindum á vinnustöðum með samræmdum og fyrirsjáanlegum hætti.
- Að tryggja að starfsmaður geti komið til starfa/aðlögunar á vinnustað eftir langtímaveikindi.
- Að tryggja rétt starfsmanns sem er í ráðningarsambandi og í starfsendurhæfingu hjá Virk til að snúa aftur til starfa.
- Skoða samband iðgjalds í fjölskyldu- og styrktarsjóð og lengdar veikindaréttar.

Stefnt skal að því að tillögur liggi fyrir eigi síðar en 31. desember 2016.

Bókun 7

Samningsaðilar eru sammála um að fylgiskjal 2/1987, með kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Landssambands lögreglumanna, undirrituðum 22. maí 1987, sem er að finna í viðauka 3, verði undanskilið samkomulagi þessu. Það haldi sér óbreytt þar til aðilar hafi náð samkomulagi um breytingar á því. Skal vinna við endurskoðun þess hefjast strax að lokinni

undirritun og hvað varðar 7. og 8. tölul. fylgiskjalsins liggi niðurstaða fyrir eigi síðar en 10. desember 2015. Við undirritun skulu aðilar tilnefna hvor um sig fulltrúa sem skulu hafa samráð við hlutaðeigandi aðila.




Fylgiskjal I með samkomulagi
fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs
og
SFR – stéttarfélag í almannajónustu
28. október 2015

Lágmarkslaun fyrir fullt starf, fullar 173,33 unnar stundir á mánuði (40 stundir á viku), skulu vera sem hér segir fyrir starfsmenn 18 ára og eldri sem starfað hafa fjóra mánuði samfellt hjá sömu stofnun:

Frá 1. júní 2015	245.000 kr.
Frá 1. júní 2016	260.000 kr.
Frá 1. júní 2017	280.000 kr.
Frá 1. júní 2018	300.000 kr.

Mánaðarlega skal greiða uppbót á laun viðkomandi starfsmanna sem ekki ná framangreindum fjárhæðum, en til launa í þessu sambandi teljast allar greiðslur, þ.m.t. hverskonar álags-, aukagreiðslur og yfirvinna, sem fellur til innan ofangreinds vinnutíma.

Laun fyrir vinnu umfram 173,33 stundir á mánuði og endurgjald á útlögðum kostnaði reiknast ekki með í þessu sambandi.



Fylgiskjal II með samkomulagi
fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs
og
Landssambands lögreglumanna
dags 28. október 2015

Launatafla tekur gildi 1. maí 2015

	0	1	2	3	4	5	6	7	8
01	247.563	251.895	256.228	260.560	264.892	269.225	273.557	277.889	282.222
02	254.489	258.943	263.396	267.850	272.303	276.757	281.210	285.664	290.117
03	261.761	266.342	270.923	275.503	280.084	284.665	289.246	293.827	298.408
04	264.747	269.380	274.013	278.646	283.279	287.912	292.545	297.179	301.812
05	270.864	275.604	280.344	285.084	289.824	294.565	299.305	304.045	308.785
06	276.382	281.219	286.055	290.892	295.729	300.565	305.402	310.239	315.075
07	281.421	286.346	291.271	296.196	301.120	306.045	310.970	315.895	320.820
08	288.702	293.754	298.807	303.859	308.911	313.963	319.016	324.068	329.120
09	300.250	305.504	310.759	316.013	321.268	326.522	331.776	337.031	342.285
10	312.260	317.725	323.189	328.654	334.118	339.583	345.047	350.512	355.976
11	324.615	330.296	335.977	341.658	347.338	353.019	358.700	364.381	370.061
12	337.885	343.798	349.711	355.624	361.537	367.450	373.363	379.276	385.189
13	351.820	357.976	364.133	370.290	376.447	382.604	388.761	394.918	401.074
14	365.765	372.166	378.567	384.968	391.369	397.770	404.171	410.572	416.972
15	380.396	387.053	393.710	400.367	407.024	413.681	420.338	426.994	433.651
16	395.612	402.535	409.458	416.381	423.305	430.228	437.151	444.074	450.997
17	411.436	418.636	425.837	433.037	440.237	447.437	454.637	461.837	469.037
18	429.128	436.638	444.147	451.657	459.167	466.677	474.186	481.696	489.206
19	449.296	457.158	465.021	472.884	480.746	488.609	496.472	504.334	512.197
20	470.471	478.704	486.937	495.170	503.404	511.637	519.870	528.103	536.337
21	492.705	501.328	509.950	518.572	527.195	535.817	544.439	553.062	561.684
22	516.052	525.083	534.114	543.145	552.176	561.207	570.238	579.269	588.300
23	540.565	550.025	559.485	568.945	578.405	587.865	597.325	606.785	616.244
24	566.303	576.213	586.124	596.034	605.944	615.855	625.765	635.675	645.585
25	593.329	603.712	614.095	624.478	634.862	645.245	655.628	666.011	676.395
26	621.707	632.586	643.466	654.346	665.226	676.106	686.986	697.866	708.746
27	651.502	662.904	674.305	685.706	697.107	708.509	719.910	731.311	742.713
28	682.788	694.737	706.685	718.634	730.583	742.532	754.481	766.429	778.378
29	715.639	728.162	740.686	753.210	765.733	778.257	790.781	803.304	815.828
30	750.131	763.258	776.386	789.513	802.640	815.768	828.895	842.022	855.150

Launatafla tekur gildi 1. júní 2016

	0	1	2	3	4	5	6	7	8
01	247.563	253.752	259.941	266.130	272.319	278.508	284.697	290.887	297.076
02	255.267	261.649	268.030	274.412	280.794	287.175	293.557	299.939	306.320
03	263.356	269.940	276.524	283.108	289.691	296.275	302.859	309.443	316.027
04	266.677	273.344	280.011	286.678	293.345	300.012	306.679	313.346	320.013
05	273.481	280.318	287.155	293.992	300.829	307.667	314.504	321.341	328.178
06	279.619	286.610	293.600	300.591	307.581	314.572	321.562	328.553	335.543
07	285.224	292.355	299.485	306.616	313.747	320.877	328.008	335.138	342.269
08	293.781	301.125	308.470	315.814	323.159	330.504	337.848	345.193	352.537
09	307.001	314.676	322.351	330.026	337.701	345.376	353.051	360.726	368.401
10	322.351	330.410	338.469	346.527	354.586	362.645	370.704	378.763	386.821
11	338.469	346.930	355.392	363.854	372.316	380.777	389.239	397.701	406.162
12	352.007	360.808	369.608	378.408	387.208	396.008	404.809	413.609	422.409
13	366.088	375.240	384.392	393.544	402.696	411.849	421.001	430.153	439.305
14	380.599	390.114	399.629	409.144	418.659	428.174	437.689	447.204	456.719
15	395.823	405.719	415.614	425.510	435.405	445.301	455.196	465.092	474.988
16	411.656	421.947	432.239	442.530	452.821	463.113	473.404	483.696	493.987
17	428.122	438.825	449.528	460.231	470.934	481.637	492.340	503.043	513.747
18	446.531	457.695	468.858	480.021	491.185	502.348	513.511	524.674	535.838
19	467.517	479.205	490.893	502.581	514.269	525.957	537.645	549.333	561.020
20	489.551	501.790	514.028	526.267	538.506	550.745	562.983	575.222	587.461
21	512.687	525.504	538.321	551.138	563.956	576.773	589.590	602.407	615.224
22	536.981	550.405	563.830	577.254	590.679	604.104	617.528	630.953	644.377
23	562.756	576.825	590.894	604.963	619.032	633.100	647.169	661.238	675.307
24	589.550	604.289	619.028	633.767	648.505	663.244	677.983	692.722	707.460
25	617.685	633.127	648.570	664.012	679.454	694.896	710.338	725.780	741.222
26	647.228	663.409	679.590	695.770	711.951	728.132	744.312	760.493	776.674
27	678.247	695.203	712.159	729.116	746.072	763.028	779.984	796.940	813.896
28	710.817	728.587	746.358	764.128	781.899	799.669	817.439	835.210	852.980
29	745.016	763.642	782.267	800.892	819.518	838.143	856.769	875.394	894.019
30	780.925	800.448	819.971	839.494	859.017	878.540	898.063	917.587	937.110

Launatafla tekur gildi 1. júní 2017

	0	1	2	3	4	5	6	7	8
01	247.563	253.752	259.941	266.130	272.319	278.508	284.697	290.887	297.076
02	257.466	263.902	270.339	276.775	283.212	289.649	296.085	302.522	308.959
03	267.764	274.458	281.152	287.846	294.541	301.235	307.929	314.623	321.317
04	278.475	285.437	292.398	299.360	306.322	313.284	320.246	327.208	334.170
05	285.437	292.572	299.708	306.844	313.980	321.116	328.252	335.388	342.524
06	292.287	299.594	306.901	314.209	321.516	328.823	336.130	343.437	350.744
07	298.146	305.600	313.053	320.507	327.961	335.414	342.868	350.322	357.775
08	307.090	314.768	322.445	330.122	337.799	345.477	353.154	360.831	368.508
09	320.909	328.932	336.955	344.978	353.000	361.023	369.046	377.069	385.091
10	336.955	345.379	353.803	362.227	370.650	379.074	387.498	395.922	404.346
11	353.803	362.648	371.493	380.338	389.183	398.028	406.873	415.718	424.563
12	367.955	377.154	386.353	395.551	404.750	413.949	423.148	432.347	441.546
13	382.673	392.240	401.807	411.373	420.940	430.507	440.074	449.641	459.208
14	397.842	407.788	417.734	427.680	437.626	447.572	457.518	467.464	477.410
15	413.755	424.099	434.443	444.787	455.131	465.475	475.819	486.163	496.506
16	430.306	441.063	451.821	462.578	473.336	484.094	494.851	505.609	516.367
17	447.518	458.706	469.894	481.082	492.270	503.458	514.645	525.833	537.021
18	466.761	478.430	490.099	501.768	513.437	525.106	536.775	548.444	560.113
19	488.697	500.915	513.132	525.350	537.567	549.785	562.002	574.219	586.437
20	511.729	524.523	537.316	550.109	562.902	575.696	588.489	601.282	614.075
21	535.914	549.312	562.709	576.107	589.505	602.903	616.301	629.699	643.096
22	561.308	575.341	589.374	603.406	617.439	631.472	645.505	659.537	673.570
23	588.251	602.957	617.664	632.370	647.076	661.782	676.489	691.195	705.901
24	616.259	631.666	647.072	662.479	677.885	693.292	708.698	724.105	739.511
25	645.669	661.811	677.952	694.094	710.236	726.378	742.519	758.661	774.803
26	676.550	693.464	710.378	727.292	744.205	761.119	778.033	794.947	811.860
27	708.974	726.699	744.423	762.147	779.872	797.596	815.320	833.045	850.769
28	743.020	761.595	780.171	798.746	817.322	835.897	854.473	873.048	891.624
29	778.768	798.238	817.707	837.176	856.645	876.114	895.584	915.053	934.522
30	816.304	836.711	857.119	877.527	897.934	918.342	938.749	959.157	979.565

Launatafla tekur gildi 1. júní 2018

	0	1	2	3	4	5	6	7	8
01	247.563	253.752	259.941	266.130	272.319	278.508	284.697	290.887	297.076
02	259.941	266.440	272.938	279.437	285.935	292.434	298.932	305.431	311.929
03	272.938	279.762	286.585	293.409	300.232	307.055	313.879	320.702	327.526
04	286.585	293.750	300.914	308.079	315.244	322.408	329.573	336.738	343.902
05	294.036	301.387	308.738	316.089	323.440	330.791	338.142	345.493	352.844
06	301.093	308.621	316.148	323.675	331.203	338.730	346.257	353.785	361.312
07	307.129	314.807	322.485	330.163	337.842	345.520	353.198	360.876	368.554
08	316.343	324.251	332.160	340.068	347.977	355.885	363.794	371.702	379.611
09	330.578	338.842	347.107	355.371	363.636	371.900	380.165	388.429	396.694
10	347.107	355.785	364.462	373.140	381.818	390.495	399.173	407.851	416.528
11	364.462	373.574	382.685	391.797	400.908	410.020	419.132	428.243	437.355
12	379.041	388.517	397.993	407.469	416.945	426.421	435.897	445.373	454.849
13	394.202	404.057	413.912	423.767	433.623	443.478	453.333	463.188	473.043
14	409.828	420.074	430.319	440.565	450.811	461.057	471.302	481.548	491.794
15	426.221	436.877	447.532	458.188	468.843	479.499	490.154	500.810	511.465
16	443.270	454.352	465.433	476.515	487.597	498.679	509.760	520.842	531.924
17	461.001	472.526	484.051	495.576	507.101	518.626	530.151	541.676	553.201
18	480.824	492.844	504.865	516.886	528.906	540.927	552.947	564.968	576.989
19	503.421	516.007	528.592	541.178	553.763	566.349	578.934	591.520	604.105
20	527.147	540.326	553.504	566.683	579.862	593.040	606.219	619.398	632.576
21	552.060	565.861	579.663	593.464	607.266	621.067	634.869	648.670	662.472
22	578.220	592.675	607.131	621.586	636.042	650.497	664.953	679.408	693.864
23	605.974	621.124	636.273	651.422	666.572	681.721	696.870	712.020	727.169
24	634.826	650.697	666.567	682.438	698.309	714.179	730.050	745.921	761.791
25	665.122	681.750	698.378	715.006	731.634	748.262	764.890	781.518	798.146
26	696.934	714.357	731.780	749.204	766.627	784.050	801.474	818.897	836.320
27	730.335	748.593	766.851	785.110	803.368	821.626	839.885	858.143	876.402
28	765.406	784.541	803.676	822.811	841.946	861.081	880.217	899.352	918.487
29	802.231	822.287	842.343	862.399	882.455	902.510	922.566	942.622	962.678
30	840.898	861.920	882.943	903.965	924.987	946.010	967.032	988.055	1.009.077